

Umsögn

Efni: Þingsályktunartillaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga, 200. mál.
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir umhverfis- og samgöngunefnd alþingis liggur tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga. Í tillögunni er fjármála- og efnahagsráðherra falið að skipa starfshóp sem kanni möguleikann á skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga.

Alþingi ályktar að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að skipa starfshóp sem móti tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga með það að leiðarljósi að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu. Starfshópurinn horfi m.a. til tilvika þar sem einstaklingur á frístundahús eða jörð eða starfar í öðru sveitarfélagi en hann á lögheimili í.

Ráðherra skili tillögum til Alþingis fyrir árslok 2018.

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

Sveitarfélög geta þó haft verulegan kostnað af þjónustu við aðra en þá sem þar eiga lögheimili, t.d. einstaklinga sem eiga þar frístundahús eða jörð og dvelja þar jafnvel drjúgan hluta ársins án þess að stunda þar búskap. Sem dæmi þar um má nefna kostnað við snjómokstur. Hér er því lagt til að starfshópi verði falið að móta tillögur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um skiptingu útsvarstekna milli tveggja eða fleiri sveitarfélaga þannig að hún endurspegli sem best útgjöld sveitarfélaga fyrir veitta þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarfélögum að annast þau verkefni sem þeim eru falin í lögum. Þessi skylda tekur til einstaklinga sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, s.s. hvað varðar félagsþjónustu og aðra grunnþjónustu. Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 91/2008 ber sveitarfélögum að tryggja að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, sem og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar í samræmi við ákvæði laganna. Mörg sveitarfélög eiga fullt í fangi með að standa undir lögbundnum skyldum sínum gagnvart einstaklingum í sveitarfélaginu sem eiga þar lögheimili og mörg þeirra myndu ekki ráða við þessi verkefni ef ekki bættust við tekjur þeirra framlög úr Jöfnunarsjóði. Má velta fyrir sér hvernig staða þeirra yrði ef þau misstu hluta útsvarstekna til annarra sveitarfélaga sem hafa ekki þessar sömu skyldur. Enda felur dvöl einstaklinga utan lögheimilissveitarfélags almennt ekki í sér skuldbindingu fyrir dvalarsveitarfélag að veita lögbundna þjónustu.

Ef horft er sérstaklega til Reykjavíkur mætti ætla að það gagnaðist borgarsjóði að fá nýtt kerfi sem tryggði borginni hlutdeild í útsvarsgreiðslum allra sem vinna í borginni en búa í grannsveitarfélögum án þess að borgin yrði á móti að tryggja einstaklingum í þessum sveitarfélögum lögbundna þjónustu. Það gæti jafnvel ýtt undir áhuga á að lækka álagningarhlutfall útsvars í Reykjavík þar sem búið væri að



ná í nýjan tekjustofn án skuldbindinga um þjónustu. Hagsmunir sveitarstjórnarstigsins í heild sinni eru ekki þeir að sveitarfélög fari í samkeppni um lækkun á útsvari með því að koma þjónustuskuldum á önnur sveitarfélög.

Ef horft er málið út frá hagsmunum sveitarfélaga sem þjónusta frístundabyggðir þá er ljóst að mörg þeirra hafa miklar tekjur af fasteignagjöldum eigenda jarðnæðis undir frístundabyggð og eigenda frístundahúsa og öðrum þjónustugjöldum þessara aðila t.d. vegna sorphirðu eða sorpeyðingar, vatns- og hitaveitu, seyrulosunar o.s.frv. Snjómokstur og ýmis önnur þjónusta er ekki lögbundin og er aðeins veitt á forsendum sveitarfélagsins. Horft heilt yfir er því ljóst að sveitarfélög hafa nú þegar miklar tekjur af jörðum og frístundabyggðum.

Engar forsendur eru fyrir því að hefja umræðu um endurskoðun á skiptingu útsvarstekna á milli sveitarfélaga á meðan lögheimilisskráning er forsenda fyrir skyldu sveitarfélaga að veita lögbundna þjónustu og á meðan jöfnunarkerfi sveitarfélaga styður við það. Með vísan til að dvalarsveitarfélag hefur ekki sömu skyldur gagnvart einstaklingum sem dveljast þar með sama hætti og lögheimilissveitarfélag er lagst gegn því að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri